












Leiðbeiningar fyrir
uppsetningu á ENHET
baðinnréttingum



ENHET baðherbergi - uppsetning



Settu upp nýja baðinnréttingu, skref fyrir skref

Þessi leiðbeiningabæklingur aðstoðar þig við að setja upp nýju baðinnréttinguna þína. Í honum finnur þú góð ráð og hugmyndir, skýrar leiðbeiningar og upplýsingar um þau verkfæri sem þú þarft. Notaðu þessar leiðbeiningar ásamt samsetningarleiðbeiningunum til að tryggja að baðinnréttingin þín sé rétt upp sett.

Við erum til staðar ef þörf krefur

Baðinnréttingarnar okkar eru hannaðar með það í huga að það sé eins auðvelt og hægt er fyrir þig að setja þær saman og setja þær upp, en hugsanlega þarftu hjálp frá fagaðila með einhverja hluti. Þess vegna bjóðum við upp á ýmsa þjónustu til að aðstoða þig. Kannski þarft þú bara örlitla aðstoð eða einhvern til að vinna allt verkið fyrir þig. Þú færð nánari upplýsingar um þjónustuna í versluninni eða á vefnum okkar IKEA.is.

Áður en þú byrjar

Skoðaðu þennan bækling til að sjá hvað felst í því að setja upp nýja baðinnréttingu og finndu til áhöld sem þarf til verksins. Gakktu úr skugga um að þú hafir fengið allar einingarnar þegar innréttingin er komin. Gott er að bera saman upplýsingarnar á umbúðunum og pöntunarlistann. Ekki byrja að rífa gömlu innréttinguna niður fyrr en þú ert örugglega komin/n með allar einingar og tæki fyrir það nýja. Fjarlægðu gömlu innréttinguna og mundu eftir að taka vatn og rafmagn af baðherberginu.

Leitaðu til fagfólks


Það er góð hugmynd að leita ráða hjá fagfólki strax í upphafi til þess að ræða hvaða aðstoð þú kemur til með að þarfnast í tengslum við pípulagnir, flísalögn og raflagnir. Ef þú þarft aðstoð við að færa til vatns- eða raflagnir fyrir nýju baðinnréttinguna, ætti að ráða faglærða sérfræðinga til verksins. Það tryggir að heimilistrygging sé í gildi ef eitthvað fer úrskeiðis, núna eða síðar.




Verkfæri og efni

Hér eru verkfærin og efnið sem þú þarft:


Verkfæri



Málband




Kíttisprauta




Vinkill




Hallamál



Skiptilykill



Flatt skruvíjárn




Stjörnuskrúvíjárn




Sill



Blyantur



Rafmagnsskrúfvél/
rafmagnsbor




Stálbor




Hlífðargleraugu

Efni



Rétta tappa og réttar skruvur í
veggina þína



Silíkonkítta fyrir baðherbergi



Málaralímband, til að nota þegar
kítta er borið á

Undirbúningur er grunnur að góðum árangri

Niðurrif á gamla baðherberginu

Taktu vatn og rafmagn af baðherberginu áður en þú hefst handa. Aftengdu svo allar leiðslur frá vaskinum og taktu öll heimilistæki úr sambandi. Farðu varlega við meðhöndlun á rafmagni. Leitaðu ráða hjá fagmanni ef þú ert í vafa.

Eldri innrétting fjarlægð

Notaðu öryggishansa og -gleraugu við niðurrif á gamla baðherberginu. Byrjaðu á neðri skápunum og færðu þig svo yfir í veggskápana. Ef neðri skápur er líka stuðningur fyrir vask, þarftu að byrja á honum. Ef hann hefur verið límdur fastur gætir þú þurft kúbein til að losa hann. Svo er hægt að fjarlægja skúffur, hurðir og að lokum skápin sjálfan. Þegar þessu er lokið hefur þú betra aðgengi að veggskápunum til að ná þeim niður.


Ábyrg förgun

Kynntu þér réttar leiðir við að farga gamla baðherberginu á umhverfisvænan hátt.



Undirbúðu rýmið

Nú þegar búið er að tæma rýmið er kominn tími til að grunna vegg, mála, skipta út flísum og/eða leggja nýtt gólfefni. Hafðu í huga að einfaldara er að leggja nýtt á gólfefni á þessu stigi, en mundu að hlífa gólfinu svo með einhverju þar til baðherbergið er tilbúið.

Áður en þú setur upp nýju baðinnréttinguna þarftu að gæta þess að rýmið sé tilbúið – flísar, pípulagnir og rafmagnsúttök þurfa að vera á réttum stað miðað við teikningar. Þú gætir þurft aðstoð fagfólks við að gæta þess að uppsetningin sé rétt, þannig að allt sé í samræmi við kröfur og reglugerðir.




Tryggðu að allar lagnir séu þar sem þú vilt hafa þær og þær passi við skipulagið sem þú hefur teiknað upp.



Skoðaðu veggina vel. Þú kemur til með að hengja baðinnréttinguna á veggina svo það er mjög mikilvægt að meta burðargetu þeirra og vera viss um að þeir beri það sem ætlast er til af þeim. Festingar fylgja ekki því veggfni getur verið mismunandi og þurfa mismunandi festingar. Notaðu festingar sem henta veggfni heimilisins. Leitaðu upplýsinga varðandi hentugar skrúfur og festingar í næstu byggingavöruslun.

Þú þarft að finna hæsta punkt gólfins og merkja hann inn á vegginn. Frá þessum punkti þarf að mæla hæð innréttingarinnar.



Merktu fyrir helstu atriðum

Það eru nokkrar grunnmælingar sem þú þarft að hafa í huga og merkja fyrir á veggina til að tryggja að baðinnréttingin sé bein og á réttum stað. Mundu að gera ráð fyrir að hægt sé að opna skúffur og hurðir án þess að þær rekist í, til dæmis ofna eða gluggakistur. Ef þú ert ekki viss um að burðarbol veggjanna sé nægt mælum við með því að þú setjir fætur undir skápana.

Athugaðu: Þessar mælingar eiga við um ENHET línuna. Málunum er hægt að breyta eftir þínum óskum og þörfum.

1. Neðri brún vaskaskáps/fætur, 235 mm
2. Efri brún vask, 835 mm
3. Neðri brún veggskápa, 1.285 mm
4. Efri brún veggskápa, 2.035 mm
5. Mundu að gera allar mælingar frá hæsta punkti gólfins (sjá hér að ofan).

Yfirferð og uppsetning

Vinnusvæði og skipulag

Nú ertu tilbúin/n í að setja skápana saman. Taktu þér tíma í að undirbúa svæðið sem þú ert að vinna á og tryggðu að það sé öruggt og að þú hafir nægt pláss. Veldu sléttan flöt þar sem þú getur lagt alla hluti frá þér. Passaðu einnig upp á að verja gólfið.

Farðu yfir alla hlutana

Farðu aftur yfir allt til að vera viss um að ekkert vanti í innréttinguna. Flokkaðu pakkningarnar til að koma í veg fyrir rugling á pakkningum sem tilheyra skápum og svo til dæmis handlauginni. Farðu aftur yfir hvort öll verkfæri og kítta séu til staðar.

Notaðu réttu skrúfurnar


Gifs, viður eða steypa? Veggir heimila eru úr mismunandi efnum og því fylgja festingar og skrúfur ekki með skápunum. Réttar festingar og skrúfur fást í flestum byggingavöruslunum og þar getur þú fengið aðstoð við að velja réttu festingarnar og skrúfurnar fyrir veggina þína.

Settu skápana saman

Það er gott ráð að setja saman hverja einingu fyrir sig og setja hana svo til hliðar þar til þú byrjar að setja allt upp. Fylgdu samsetningarleiðbeiningunum sem fylgja með hverri einingu fyrir sig. Bíddu þar til síðar með að festa skúffur, hillur og innvols.

Það er mikilvægt að tryggja að veggirnir á baðherberginu þoli þyngdina af vaskaskápnum. Ef þú ert ekki viss um að burðarþol veggjanna sé nægt mælum við með því að þú setjir fætur undir skápana.

Fylgdu samsetningarleiðbeiningunum til að vera viss um að nota réttar fætur.




Vaskaskápurinn festur á vegginn


Taktu þér tíma og vertu viss um að hafa aðstoð á þessu stigi. Gættu þess að vera með öll verkfæri, kítti og festingar innan seilingar.

Athugaðu:


Festingar og skrúfur fylgja ekki því veggfni getur verið mismunandi og þurfa mismunandi festingar. Notaðu skrúfur og festingar sem henta veggjum heimilisins. Leitaðu upplýsinga um hentugar veggfestingar í byggingavöruverslunum.




Merktu fyrir borgötum. Stílltu skápinn/hillueininguna við neðstu línuna sem þér teiknaðir á vegginn (235 mm) og haltu honum þétt upp að veggnum til að merkja fyrir festingunum. Taktu svo skápinn/hillueininguna frá og boraðu á rétta stað.




Bora og kíttu. Nú getur þú borað gót fyrir festingarnar og sett skrúfurnar á rétta staði. Hertu þær ekki alveg á þessu stigi. Notaðu stálbor til að skemma ekki flísarnar. Ef þú ert ekki með stálbor getur þú sett málalámband á flísarnar til að koma í veg fyrir að borinn renni til.




Gleymdu ekki að setja kítti í borgötin áður en tappar og/eða skrúfur eru sett í. Hafðu hugfast að það á ekki að herða skrúfurnar alveg á þess stigi.



Vertu viss um að búið sé að skrúfa festingarnar aftan á vaskaskápinn samkvæmt samsetningarleiðbeiningum. Lyftu svo skápum gætilega upp á skrúfurnar.



Notaðu hallamálið til að tryggja að skápurinn sé alveg láréttur. Festingarnar gefa færi á finstillingu ef hann er ekki alveg beinn. Að lokum má herða skrúfurnar.



Ef þú raðar fleiri en einum skáp eða hillueiningu hlið við hlið, þarftu að festa þau saman með meðfylgjandi klemmum.


Uppsetning á vegg- og háum skápum/hillueiningum

Taktu þér tíma og vertu viss um að hafa aðstoð á þessu stigi. Gættu þess að vera með öll verkfæri, kítti og festingar innan seilingar.


Það er mikilvægt að tryggja að veggirnir á baðherberginu þóli þyngdina af skápunum/hillueiningunum. Ef burðarþol veggjanna er ekki nægt er hægt að setja ENHET fætur undir háa skápinn/hillueininguna til stuðnings. Fylgdu samsetningarleiðbeiningunum sem fylgja skápnunum/hillueiningunni til að vera viss nota réttar fætur.




Þegar þú hefur sett vaskaskápinn upp skaltu draga lóðréttu línu frá hlið hans.




Leggðu svo veggskápinn að neðri línunni sem þú merktir áður fyrir á vegginn og lóðréttu línunni sem þú varst að gera. Þegar þú hefur fundið rétta staðsetningu getur þú merkt fyrir festingunum.




Næst er komið að því að bora og loka áður en skrúfurnar eru skrúfaðar til hálf (skref 2 á fyrri síðu). Þegar þú hefur stillt skápinn af við láréttu línuna á veggnum, má herða skrúfurnar.



Ef þú ert með fleiri en einn skáp, stillir þú þann næsta af við þann fyrsta. Þegar þú hefur fest upp seinni skápinn festir þú þá tvo saman með meðfylgjandi festingum.



Við uppsetningu á háum skáp stillir þú hann af við veggskápinn eða lóðréttu línuna. Þegar þú hefur merkt fyrir festingunum, endurtekur þú ferlið þar sem þú borar, lokar og festir skápinn eða hillueininguna. Vertu viss um að hann sitji rétt áður en þú herðir skrúfurnar til fulls.



Ef þú raðar fleiri en einum skáp eða hillueiningu hlið við hlið þarftu að festa þau saman með meðfylgjandi klemmu (festingu).

Uppsetning á vaski, vatnslás og blöndunartækjum

Þú þarft að byrja á því að athuga hvort vatnsléðslurnar passi við nýju tækin áður en þú ferð að tengja handlaugina og blöndunartækin. Skrúfaðu fyrir vatnsinntakið.


Nauðsynlegt er að gæta þess að uppsetningin sé í samræmi við gildandi reglugerðir. Leitaðu ráða hjá fagmanni ef þú ert í vafa.

Athugaðu:


Ef setja á upp handlaug án vaskaskáps eða vaskastands þarf að fara eftir viðeigandi samsetningarleiðbeiningum.




Snúðu handlauginni á hvolf og festu vatnslásinn við hana eins og sýnt er í samsetningarleiðbeiningunum.




Festu svo blöndunartækið samkvæmt meðfylgjandi samsetningarleiðbeiningum. Ekki festa rærnar sem festa blöndunartækin við handlaugina of fast, svo þú getir lagað staðsetningu blöndunartækisins þegar allt er komið á sinn stað.




Settu silíkonkítta á hliðarnar á vaskaskápnunum. Notaðu málralímband til að koma í veg fyrir að kíttað klinist út um allt.



Settu handlaugina á sinn stað, fjarlægðu málningarlímbandið og leyfðu kítinu að þorna í minnst þrjár klukkustundir. Þú getur svo bætt við örlitlu af kítta á milli vaskans og veggjarins.




Þegar silíkoníð hefur þornað getur þú tengt vatnslásinn og blöndunartækin samkvæmt samsetningarleiðbeiningunum.




Nú getur þú skrúfað frá vatninu. Taktu síuna úr krananum og láttu vatnið renna í um fimm mínútur. Athugaðu hvort leka verði vart í kringum tengingar og vatnslás. Skrúfaðu síuna svo aftur á sinn stað.


Settu upp skúffur, hurðir, spegla, hnúða, hölda og ljós




Þegar þú hefur ákveðið hvar þú ætlar að staðsetja hnúðana og/eða höldurnar, mælum við með að þú notir FIXA skapalónið til að auðvelda þér vinnuna.



Næst er komið að því að festa hurðir og skúffur samkvæmt samsetningarleiðbeiningunum. Þegar hurðir og skúffur eru komnar á sinn stað getur stillt lamirnar af svo að allt sitji beint og jafnt.



Þegar kemur að því að setja upp lýsingu skaltu hafa í huga að hugsanlega er rétt að leita til fagaðila þegar það kemur að því að tengja rafmagnið.



Ef það þarf að bora eitthvað skaltu leggja viðarbút á staðinn þar sem skrúfan kemur í gegn til að koma í veg fyrir að það flísist upp úr gatinu.

Smáatriðin skipta öllu máli

Draumabaðherbergið byrjar með góðu skipulagi. Allt frá því að íhuga þarfir þínar og fjölskyldunnar til undirbúnings á herberginu og uppsetningar á innréttingunni. Þú getur svo gert baðherbergið enn persónulegra, hagkvæmara og stílhreinna með því að bæta við það aukahlutum eins og ENHET snúningshillu eða ENHET snögum ásamt SKATTÁN ílátum sem þú kemur auðveldlega fyrir í opnum ENHET hillueiningum.

IKEA býður einnig upp á breitt úrval af litríkri vefnaðarvöru á baðherbergið, ýmsum aukahlutum fyrir baðherbergið og lýsingu sem hæfir smekk og stíl hvers og eins. Vefnaðarvaran hjálpar þér að bæta örlítilli mykt inn á baðherbergið og gerir það fallegt og notalegt fyrir alla fjölskylduna.



Þjónusta

Við viljum gera daglegt líf þægilegra fyrir sem flesta og bjóðum því upp á fjölbreytta þjónustu sem þú getur valið úr.



Mælingar

Smáatriðin skipta máli. Við getum mælt með aðila til að koma heim eða á skrifstofuna og mæla rýmið svo uppsetningin gangi fljótt og örugglega. Sendu okkur línu á IKEA@IKEA.is ef þú vilt nánari upplýsingar.

*Einungis í boði á höfuðborgarsvæðinu.



Uppsetning

Þú getur sparað dýrmætan tíma með því að fá fagfólk til að sjá um uppsetninguna. Við getum mælt með traustum aðila. Sendu okkur línu á IKEA@IKEA.is ef þú vilt nánari upplýsingar.

Sendingarþjónusta

Komast vörurnar ekki í bílinn? Við getum sent þér þær heim eða á skrifstofuna.



Greiðslumáti

Þú getur greitt með þeim hætti sem hentar þér best. Við tökum við reiðufé, debetkortum og VISA og MASTERCARD kreditkortum. Þar að auki standa kreditkorthöfum til boða raðgreiðslulán og vaxtalaus lán. Þannig getur þú dreift stærru upphæðum og greitt ákveðna upphæð mánaðarlega.

